

Fimmtudaginn 5. nóvember 1998.

Nr. 202/1998.

Íslenska ríkið

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

Dröfn Lúðvíksdóttur

(Jóhannes Albert Sævarsson hdl.)

og gagnsök

Biðlaun. Sérálit. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 15. maí 1998 og krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á dæmdri fjárhæð og að málskostnaður fyrir báðum dómstigum verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu 5. júní 1998 og krefst staðfestingar héraðsdóms um annað en upphaf dráttarvaxta, og er það krafa hennar, að dæmd fjárhæð beri dráttarvexti í samræmi við stefnukröfur í héraði. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara krefst hún þess, að málskostnaður falli niður.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í héraðsdómi kemur fram, að staða gagnáfrýjanda hjá Lyfjaverslun ríkisins var lögð niður árið 1994, þegar stofnað var hlutafélag um rekstur fyrirtækisins, sbr. lög nr. 75/1994 um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi. Tók gagnáfrýjandi boði um starf hjá hlutafélaginu, Lyfjaverslun Íslands hf.

Hæstiréttur hefur um það dæmt allt frá árinu 1964, að 14. gr. þágildandi laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins yrði túlkuð svo, að biðlaunaréttur væri fyrir hendi við niðurlagningu stöðu, þótt sá starfi, sem stöðunni fylgdi, yrði áfram ræktur á vegum

annars aðila en ríkisins, sbr. H. 1964, 936. Í dómum réttarins 24. október og 7. nóvember 1996, sbr. H. 1996, 3169 og 3417, kemur og fram, að ný staða verði ekki talin sambærileg hinni fyrri, ef henni fylgja ekki hin sérstöku réttindi, sem starfsmaður naut áður samkvæmt lögum nr. 38/1954.

Óumdeilt er, að gagnáfrýjandi naut í stöðu sinni hjá Lyfjaverslun ríkisins réttinda ríkisstarfsmanns samkvæmt ofangreindum lögum, þar á meðal biðlaunaréttar. Sá réttur fylgdi ekki starfi því, er hún tók við hjá Lyfjaverslun Íslands hf. Það telst því ekki sambærilegt hinni niðurlögðu stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954, og skiptir frekari samanburður á kjörum gagnáfrýjanda hjá þessum aðilum hér ekki máli.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Hjörtur Torfason tekur fram, að hann fallist á niðurstöðuna með tilliti til þess, að sjónarmið sitt í sératkvæði með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 7. nóvember 1996 hafi ekki hlotið fylgi annarra dómenda.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, íslenska ríkið, greiði gagnáfrýjanda, Dröfn Lúðvíksdóttur, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Garðars Gíslasonar

Fram er komið í máli þessu, að starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins gátu valið á milli þess að hafna stöðu hjá hinu nýja félagi, Lyfjaverslun Íslands hf., og fá þá greidd biðlaun eftir 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða taka starfi hjá nýja félaginu, sem metið væri sambærilegt við fyrra starf, en þá félli niður réttur til biðlauna. Gagnáfrýjandi valdi síðari kostinn. Hún hefur ekki í máli þessu sýnt fram á, að hin nýja staða hafi ekki reynst sambærileg fyrri stöðu, að öðru leyti en því, að biðlaunarétt-

ur fylgir henni ekki. Þar sem gagnáfrýjandi valdi þann kost að taka sambærilegri stöðu hjá hinu nýja félagi, getur hún ekki eftir á krafist þess að fá greidd biðlaun, sem fylgdu fyrri stöðunni, eins og hún hefði valið þann kost að hafna nýju stöðunni, enda væri þá ekki um jafnræði að tefla gagnvart þeim, sem þann kost hefðu valið. Tel ég því, að taka beri til greina kröfu aðaláfrýjanda um sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. apríl 1998.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. mars sl., höfðaði Dröfn Lúðvíksdóttir, kt. 260664-4849, Kárástíg 11, Reykjavík, gegn íslenska ríkinu með stefnu, birtri 11. mars 1997.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu biðlauna, að fjárhæð 434.082 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sem reiknist af fjárhæðum og eftir tímabilum á eftirgreindan hátt:

Af 70.188 kr. frá 1. júlí 1994 til 1. ágúst s. á., af 140.376 kr. frá þeim degi til 1. september s. á., af 210.564 kr. frá þeim degi til 1. október s. á., af 280.752 kr. frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af 350.940 kr. frá þeim degi til 1. desember s. á., af 421.128 kr. frá þeim degi til 21. desember s. á. og af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að sömu fjárhæð og með sömu dráttarvöxtum og krafist er greiðslu á í aðalkröfu.

Í báðum tilvikum krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og málskostnaður dæmdur úr hendi hennar að mati dómsins, en til vara, að stefnukrafa verði lækkuð og málskostnaður felldur niður.

I.

Stefnandi réð sig til starfa hjá Lyfjaverslun ríkisins 19. ágúst 1993 og hóf störf 1. september s. á. Við stefnanda var gerður ráðningarsamningur ríkisstarfsmanns, og eru tekin þar fram helstu réttindi starfsmannsins, en að öðru leyti vísað til laga og reglna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Stefnandi var frá upphafi félagi í Starfsmannafélagi ríkisstofnana og í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Með lögum nr. 75/1994 um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi var ákveðið að stofna hlutafélag til

að taka við eignum, skuldum og rekstri Lyfjaverslunar ríkisins. Fjármálaráðherra skyldi annast undirbúning að stofnun félagsins og fara með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu.

Lögin, sem undirrituð eru af handhöfum forsetavalds 19. maí 1994 og birt í Stjórnartíðindum 30. maí s. á., tóku gildi þegar í stað. Hlutfélagið, sem hlaut nafnið Lyfjaverslun Íslands hf., tók til starfa 1. júlí 1994, eins og kveðið er á um í lögnum.

Í 3. gr. framangreindra laga segir svo:

„Fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá nýja hlutfélaginu við stofnun þess, og skal þeim boðin samþærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á því ekki við um þá starfsmenn.“

1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er svohljóðandi:

„Nú er staða lögð niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði, frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri samþærilegri stöðu á vegum ríkisins.“

Þegar frumvarp til laga nr. 75/1994 var í meðförum Alþingis, sendu starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins, þeir sem voru í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftirfarandi álitsgerð, sem svo er kölluð:

„Starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins hafa kynnt sér frumvarp til laga um stofnun hlutfélags um L. r. og viljum koma eftirfarandi áliti á framfæri.

Uppi eru skiptar skoðanir um þær breytingar, sem fram undan eru hjá fyrirtækinu. Þar sem við teljum, að vegið sé að áunnum réttindum okkar og atvinnuöryggi, munum við leggja sérstaka áherslu á, að þessir þættir verði tryggðir í framtíðinni.

Við viljum einnig mótmæla harðlega 3. gr. frumvarpsins og teljum, að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eigi við og ekki sé hægt að ógilda eina greinina.“

Álitsgerð þessi barst Alþingi 1. desember 1993. Stefnandi skýrði frá því fyrir dómi, að hún hefði verið samþykkt því fyrir sitt leyti, að álitsgerð þessi yrði send Alþingi.

Undirbúning að stofnun hlutfélagsins önnuðust Þór Sigþórsson, fyrrverandi forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins og núverandi forstjóri Lyfjaverslunar

Íslands hf., og Gunnar Ingi Hjartarson, fyrrverandi starfsmannastjóri Lyfjaverslunar ríkisins, í samvinnu við fjármálaráðuneytið og framkvæmdanefnd um einkavæðingu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að við breytingu Lyfjaverslunar ríkisins í hlutafélag hafi verið unnið út frá þeim forsendum, að starfsmönnum skyldi boðin sambærileg staða hjá hlutafélaginu við stofnun þess og þeir gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins. Starfskjör og laun hafi verið útfærð þannig í samningum, að launakjör yrðu talin sambærileg og fyrir breytinguna. Sérstakar samningaviðræður við hvern starfsmann hefðu ekki farið fram, en málin rædd og afgreidd sameiginlega fyrir einstaka hópa samkvæmt sameiginlegum forsendum, sem öllum hafi verið kynntar.

Stefnandi mótmælir því ekki, að unnið hafi verið að breytingunni með þessum hætti, en telur kjör starfsmanna ekki hafa orðið sambærileg.

31. maí 1994 var haldinn fundur til kynningar á lögum nr. 75/1994, sem allir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins voru boðaðir á. Fundinn sóttu m. a. Þór Sigþórsson, Gunnar Ingi Hjartarson og Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, sem vann að undirbúningi að stofnun hlutafélagsins af hálfu fjármálaráðherra.

Steingrímur Ari skýrði frá því fyrir dóminum, að hann hefði fjallað um biðlaunarétt starfsmannanna á framangreindum fundi. Hann hefði skýrt ákvæði 3. gr. laga nr. 75/1994 þannig, að samkvæmt því skyldi starfsmönnum boðin sambærileg staða hjá hlutafélaginu og þeir áður gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins. Hann hefði vakið athygli á því, að með lagagreininni væri biðlaunaréttur ekki afnuminn. Hann félli hins vegar niður, næðist samkomulag um, að starfsmaður tæki við starfi hjá hlutafélaginu. Yrði ekki af samkomulagi, væri í gildi biðlaunaréttur samkvæmt 14. gr. starfsmannalaganna. Ekki hefði sérstaklega verið spurt út í þetta ákvæði laganna á fundinum.

Þeir Þór og Gunnar Ingi kváðust ekki muna sérstaklega eftir því, að biðlaunaréttinn hefði borið á góma á þessum fundi. Það hefði ekki verið í þeirra verkahring að fjalla um hann með neinum hætti og hugur þeirra bundinn við aðra þætti málsins, sem þeim hafi staðið nær.

Stefnandi lýsti því fyrir dóminum, að hún myndi ekki til þess, að á umræddum fundi hefði nokkuð verið fjallað um biðlaunarétt starfsmanna Lyfjaverslunar ríkisins.

Stefnandi réð sig til starfa hjá Lyfjaverslun Íslands hf. með ráðningarsamningi, sem undirritaður var 19. júní 1994, og hóf þar störf 1. júlí s. á. Var stefnanda boðin staða hjá hlutafélaginu, eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 75/1994.

Af framburði Þórs Sigþórssonar, sem undirritaði ráðningarsamning stefnanda f. h. Lyfjaverslunar Íslands hf., verður ráðið, að biðlaunaréttur stefnanda hafi ekki verið til umræðu, þegar samningurinn var gerður og hann undirritaður.

Stefnandi lýsti því fyrir dóminum, að biðlaunarétt sinn hefði ekki borið á góma við þetta tækifæri. Hún hefði talið, að fyrir sig væri ekki annar kostur en ráðast til þess starfs, sem sér hefði verið boðið, en hún hefði viljað halda sinni vinnu. Sér hefði ekki verið boðið starf hjá ríkinu.

Í ráðningarsamningnum er tekið fram, að starfsaldur miðist við 1. mars 1983, orlof sé 24 dagar, uppsagnarfrestur 3 mánuðir og á 12 mánaða tímabili tryggi fyrirtækið stefnanda full laun í 90 daga og hálf laun í 90 daga. Tekið er fram um lífeyrissjóð, að í fyrstu verði stefnandi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og síðan í Lífeyrissjóði verslunarmanna. Þá segir í samningnum, að um þau atriði, sem ekki sé sérstaklega getið, fari eftir kjarasamningum Vinnuveitendasambands Íslands og Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem varð stéttarfélag stefnanda.

Þór Sigþórsson kvað starfsfólkið hafa lagt áherslu á, að það fengi innngöngu í Verslunarmannafélag Reykjavíkur, og hafi verið um það samið við félagið.

II.

Ágreiningslaust er með aðilum málsins, að stefnandi var ríkisstarfsmaður, þegar hún vann hjá Lyfjaverslun ríkisins, og naut því réttinda og bar skyldur samkvæmt lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og hafði áunnið sér 6 mánaða biðlaunarétt samkvæmt 14. gr. þeirra laga. Þá er það og ágreiningslaust með aðilum málsins, að stefnanda var ekki boðið starf á vegum ríkisins, þegar Lyfjaverslun ríkisins var lögð niður. Þá deila aðilar ekki um það, að í hinu nýja starfi stefnanda hjá Lyfjaverslun Íslands hf. nýtur hún ekki réttinda ríkisstarfsmanns samkvæmt lögum nr. 38/1954.

Stefndi mótmælir ekki fjárhæð dómkröfu stefnanda út af fyrir sig. Hins vegar mótmælir stefndi upphafstíma dráttarvaxtakröfu stefnanda á þeim forsendum, að fjárfrafan hafi ekki komið fram fyrr en seint á árinu 1996.

Aðilar eru í höfuðdráttum sammála um, að í ráðningarsamningi stefnanda við Lyfjaverslun Íslands hf. sé kveðið á um sams konar kaup og kjör og stefnandi naut hjá Lyfjaverslun ríkisins á þeim tíma, sem ráðningarsamningurinn var gerður. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að samkvæmt ráðningarsamningi hjá hlutafélaginu njóti hún ekki sambærilegra kjara og réttarstöðu og hún hefði notið við lengra starf hjá ríkinu. Það eitt,

að hið nýja starf sé ekki hjá ríkinu og því fylgi ekki biðlaunaréttur, geri það að verkum, að nýja starfið geti aldrei orðið sambærilegt hinu fyrra starfi. Þar af leiði, að stefnda beri að greiða stefnanda biðlaun, eins og krafist sé.

Stefnandi hafi ekki með neinum hætti afsalað sér biðlaunarétti sínum á hendur ríkinu, enda þótt hún hafi ráðist til Lyfjaverslunar Íslands hf. Ekki sé hægt að svipta ríkisstarfsmann þeim rétti, sem hann eigi til biðlauna samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954, með lagasetningu, eins og beitt sé í 3. gr. laga nr. 75/1994. Sú lagagrein brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og þá alþjóðasáttmála um mannréttindavernd, sem Ísland sé aðili að, einkum 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 1. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi, en hér sé um að ræða afmarkaðan hóp ríkisstarfsmanna, sem réttindaskerðing beinist að.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hvergi sé neitt að finna um það, að stefnanda hafi verið gefinn kostur á því að hafna starfi hjá Lyfjaverslun Íslands hf. og fara þá á biðlaun eða sá kostur að neinu leyti kynntur starfsmönnum Lyfjaverslunar ríkisins. Það sé með öllu ósannað. Komi ekki fram í 3. gr. laga nr. 75/1994, að slíkt hafi staðið til.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að starfsmönnum Lyfjaverslunar ríkisins hafi á fundi, sem haldinn var 31. maí 1994 og þeir boðaðir á, verið kynnt það, að til stæði að bjóða þeim stöður hjá hlutafélaginu, sem fulltrúar ríkisins mætu sambærilegar við þær, sem þeir hefðu gegnt hjá Lyfjaverslun ríkisins. Tekið hafi verið sérstaklega fram, að um einstaklingsbundin réttindi væri að ræða og starfsmenn ættu þann kost að þiggja ekki starf hjá hinu nýja félagi og fá þá eftir atvikum biðlaun. Tækju þeir hins vegar við starfi hjá hlutafélaginu, félli niður réttur þeirra til biðlauna, enda væri þá starfið metið sambærilegt af báðum samningsaðilum. Stefnandi hafi aldrei gert neinn ágreining um biðlaunarétt, þegar undirbúningur að stofnun hlutafélagsins stóð yfir, né heldur við ráðningu sína hjá hlutafélaginu.

Þá heldur stefndi því fram, að með 3. gr. laga nr. 75/1994 sé biðlaunaréttur samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 ekki tekinn af, heldur sé starfsmönnum Lyfjaverslunar ríkisins með lagagreininni veittur forgangsréttur til starfa hjá hlutafélaginu við stofnun þess. Starfsmenn hafi átt val um, hvort þeir nýttu sér þennan rétt og teldu þar með starfið hjá hlutafélaginu sambærilegt fyrra starfi eða höfnuðu boði um starfann og færu á biðlaun. Því eigi 3. gr. laganna eingöngu við um þá starfsmenn, sem ráðið hefðu sig til starfa hjá hlutafélaginu. Þannig hafi engin jafnræðisregla verið brotin á stefnanda. Öllum skilyrðum, sem felist í 3. gr. laganna, hafi verið fullnægt, svo að bið-

launaréttur samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi ekki við gagnvart stefnanda. Þá hafi við ráðninguna verið reynt eftir föngum að taka tillit til stöðu hvers starfsmanns, þannig, að ætti hann sem ríkisstarfsmaður einhver réttindi í vonum innan skamms, hafi verið reynt að taka þau upp í ráðningarsamning hans við hlutafélagið.

III.

Að því er varðar sambærileika þess starfs, sem stefnandi gegndi hjá Lyfjaverslun ríkisins, og starfs hennar hjá Lyfjaverslun Íslands hf., deila aðilar sérstaklega um þau atriði, sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Þá heldur stefndi því fram, að bera eigi saman þau réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, sem kveðið sé á um í lögum nr. 38/1954, og þau kjör, sem stefnandi njóti nú hjá Lyfjaverslun Íslands hf. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að miða eigi samanburð við heildarkjör stefnanda sem ríkisstarfsmanns, hvort sem þau hafi stuðst við lög nr. 38/1954 eða kjarasamning stéttarfélags hennar. Þá heldur stefndi því fram, að við samanburðinn eigi að miða við það, hvernig réttindum og skyldum sé farið í heild, því að aukinn réttur á einn veginn vegi upp minni rétt á hinn.

Óumdeilt er, að stefnandi réð sig til Lyfjaverslunar Íslands hf. á hliðstæðum launum og hún hafði hjá Lyfjaverslun ríkisins, en stefndi kveður kaup stefnanda fyrir yfirvinnu hafa orðið hærra hjá hlutafélaginu.

Stefnandi heldur því fram, eins og fyrr segir, að hin nýja staða sé ekki sambærileg þeirri, sem lögð var niður, vegna þess að henni fylgi ekki biðlaunaréttur. Þótt ný staða, sem í boði sé hjá öðrum en ríkinu, sé betri en sú staða, sem lögð var niður, skipti það ekki máli um biðlaunarétt, ef starfsmaður hefur ekki hafnað sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að samkvæmt dómum Hæstaréttar frá 1995, bls. 2342, og 1996, bls. 4045, sé virkur biðlaunatími í reynd 3 eða 9 mánuðir, þar sem í dómum þessum sé uppsagnarfrestur talinn til biðlaunatíma. Skilningi stefnda á framangreindum dómum Hæstaréttar er mótmælt af hálfu stefnanda.

Þá segir stefndi, að þess verði að gæta, að samkvæmt kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur geti menn áunnið sér uppsagnarfrest allt að 6 mánuðum, og uppsagnarfrestur geti orðið lengri við sérstakar aðstæður.

Þá er því fram haldið af hálfu stefnda, að ríkisstarfsmenn geti ekki fengið bæt看 úr atvinnuleysistryggingasjóði á sama tíma og þeir taki biðlaun, og komi þessi bótaréttur á móti biðlaunarétti. Lög nr. 77/1993 tryggja launþegum ráðningu með óbreyttum kjörum við eigendaskipti að fyrirtækjum, og

því sé réttarstaða þeirra, sem vinna á almennum vinnumarkaði, orðin svipuð og ríkisstarfsmanna. Stefnanda hafi og verið tryggður forgangsréttur til starfa hjá hlutafélaginu með lögum nr. 75/1994.

Með lengra starfi hjá ríkinu kveðst stefnandi mynda hafa öðlast aukinn orlofsrétt, þ. e. frá 24 dögum í allt að 30 daga, en fá aldrei lengra orlof en 27 daga samkvæmt kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur.

Af hálfu stefnda er á það bent, að stefnandi öðlist sem félagi í V. R. rétt til 27 daga orlofs eftir 10 ára starf, og enn fremur, að ríkisstarfsmenn eignist ekki að lögum rétt til 30 daga orlofs, heldur hafi verið samið um þann orlofstíma í kjarasamningi ríkisstarfsmanna.

Stefnandi telur, að lengri aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hefði fært sér aukinn rétt með lengri starfsaldri og lífaldri, betri rétt en hún geti öðlast í Lífeyrissjóði verslunarmanna. Þótt hún hefði haldið áfram að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, hefðu réttindin til greiðslna úr sjóðnum miðast við það, sem þau voru 1. júlí 1994.

Stefndi bendir á, að stefnanda hafi verið heimilt að vera áfram í Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna auk aðildar að öðrum lífeyrissjóði. Stefnandi hafi sjálf kosið að skipta um lífeyrissjóð. Stefndi heldur því fram, að aðild að Lífeyrissjóði verslunarmanna hafi í för með sér kosti fram yfir aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þannig greiði vinnuveitendur lífeyri af öllum launum starfsmanns, ekki einungis föstum launum, eins og ríkið geri. Félagar í Lífeyrissjóði verslunarmanna njóti lengur réttar til örorkulífeyris en ríkisstarfsmenn. Þá geti félagar í Lífeyrissjóði verslunarmanna hafið töku lífeyris án þess að láta jafnframt af störfum, eins og ríkisstarfsmenn verði að gera. Þeir geti og hafið lífeyristöku fyrr en ríkisstarfsmenn. Ríkisstarfsmenn megi ekki vera á biðlaunum eða veikindalaunum, vilji þeir taka lífeyri, en því sé öfugt farið um féлага í Lífeyrissjóði verslunarmanna.

Stefnandi kveðst ekki geta í hinu nýja starfi öðlast sama rétt til launa í veikindum og við slys, eins og hefði hún starfað áfram hjá ríkinu. Sama eigi við um örorku- og dánarbætur. Samkvæmt kjarasamningi V. R. verði laun í veikindum ekki greidd í lengri tíma en 6 mánuði á hverjum 12 mánuðum að hámarki, en hjá ríkinu séu greiddir 360 dagar að hámarki á sama tíma. Hún hefði sem ríkisstarfsmaður verið slysatryggð í frítíma sínum, en svo sé ekki um féлага í V. R.

Af hálfu stefnda er á það bent, að allir launþegar skuli að lögum njóta greiðslna í veikinda- og slysatilvikum, sbr. lög nr. 19/1979, og ríkisstarfsmenn hafi samið um slysatryggingar í kjarasamningum. Að loknum greiðslum lögum samkvæmt taki við sjúkrasjóðir stéttarfélaganna og greiði laun í þessum tilvikum, og til viðbótar taki þessir sjóðir hóptrýggingar til hagsbóta

fyrir félagsmenn og það verið gert að beiðni Lyfjaverslunar Íslands hf. Lyfjaverslun Íslands hf. hafi samið um fullgilda aðild að sjúkrasjóði V. R. fyrir allan starfsmannahópinn. Að vísu sé ekki samið nákvæmlega um það, hvernig greitt skuli úr þessum sjóðum, en að samanlögðu sé þetta ekki minni réttur en ríkisstarfsmenn njóti. Sjúkrasjóður veiti og sérstaka fjárhagsaðstoð í elli og örorkutilvikum. Þá greiði flestir þessara sjúkrasjóða til maka launþega við andlát. Réttarstaða þeirra, sem eigi aðild að sjúkrasjóði V. R., sé síst lakari en ríkisstarfsmanna, þótt réttindunum sé öðruvísi fyrir komið.

Stefnandi segir fæðingarorlof ríkisstarfsmanna 6 mánuði á fullum dagvinnulaunum, og því megi skipta á lengri tíma. Við þetta bætist greiðslur miðað við yfirvinnu og álag á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Samkvæmt kjarasamningi V. R. sé fæðingarorlof 6 mánuðir, sem greiðist af Tryggingastofnun ríkisins. Hafi þær greiðslur numið 57.702 kr. í mars 1993, sem sé lægra en stefnandi hefði fengið frá ríkinu á sama tíma. Muni þar samanlagt um nokkra tugi þúsunda.

Stefndi bendir á, að lögbundið fæðingarorlof samkvæmt lögum nr. 57/1987 sé nú 6 mánuðir. Þeir, sem vinni á hinum almenna vinnumarkaði, fái greiðslur frá almannatryggingum á þeim tíma og til viðbótar greiðslur frá vinnuveitanda, sé um það samið.

Stefnandi kveðst sem ríkisstarfsmaður hafa notið ákveðins réttar til nota af orlofshúsum, en sem félagi í V. R. njóti hún minni réttar.

Af hálfu stefnda er á það bent, að réttur ríkisstarfsmanna til orlofshúsa styðjist ekki við lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefnandi heldur því fram um varakröfu sína, að teljist hún hafa verið svipt biðlaunarétti sínum með 3. gr. laga nr. 75/1994, eigi hún bótakröfu á hendur stefnda jafnháa biðlaunum, vegna þess að biðlaunarétturinn njóti verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Engin almenningsþörf hafi kallað á sviptinguna. Þessu ákvæði laganna verði því ekki beitt, nema fullar bætur komi í stað biðlaunanna. Sama lagagrein brjóti og í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og alþjóðasáttmála, sem Ísland eigi aðild að.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að um sé að ræða þau skilyrði, sem stefnandi telur vera fyrir bótakröfu.

Stefndi rökstyður varakröfu sína um lækkun stefnukröfu á þann veg, að stefnandi hafi með forgangsrétti til starfa og þeim möguleikum, sem forgangsrétturinn hafi gefið henni til að treysta atvinnuöryggi sitt ásamt umsömdum starfskjörum, fengið að verulegu leyti bætta þá fjárhagslegu hagsmuni, sem felist í 14. gr. laga nr. 38/1954. Þá hagsmuni verði að meta til

lækkunar á stefnukröfu á sama hátt og ákvæði 14. gr. kveði á um, að gert skuli um laun í öðru starfi á vegum ríkisins á biðlaunatíma.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og fyrr er rakið, er óumdeilt, að stefnandi naut réttinda og bar skyldur samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1954 í starfi sínu hjá Lyfjaverslun ríkisins. Með lögum nr. 75/1994 var Lyfjaverslun ríkisins lögð niður með þeim hætti, að hlutafélag tók við öllum eignum, skuldum og rekstri þessa ríkisfyrirtækis. Af því leiddi, að staða stefnanda var lögð niður í skilningi 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Um rétt stefnanda og skyldur fór samkvæmt þeim ráðningarsamningi, sem hún gerði við Lyfjaverslun Íslands hf., en að öðru leyti samkvæmt kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur.

Stefnandi tók við starfi hjá hinu nýja fyrirtæki, Lyfjaverslun Íslands hf., 1. júlí 1994, og var starfsvettvangur hennar í öllum aðalatriðum hinn sami og verið hafði hjá Lyfjaverslun ríkisins. Hins vegar naut hún ekki lengur í starfi sínu réttinda eða bar skyldur samkvæmt lögum nr. 38/1954. Kemur þá til skoðunar, hvort 3. gr. laga nr. 75/1994 leiði til þess, að biðlaunaréttur stefnanda sé niður fallinn af þeim sökum, að hún réðst til starfa hjá hlutafélaginu, en stefndi skýrir lagagreininna á þann hátt.

Vitnið Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, kveðst hafa gert þeim starfsmönnum Lyfjaverslunar ríkisins, sem sóttu kynningarfund 31. maí 1994 um fyrirhugaða stofnun hlutafélagsins, grein fyrir því, að þeir ættu kost á því að taka starfi hjá hlutafélaginu, sem metið yrði samþæringlegt því starfi, er þeir gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins, og félli þá biðlaunaréttur niður. Ef starfsmenn kysu ekki að taka starf hjá hlutafélaginu, fengju þeir biðlaun greidd.

Stefnandi mundi ekki til þess, að biðlaunaréttur starfsmanna hefði verið til umræðu á þessum fundi, og þeir Þór Sigþórsson og Gunnar Ingi Hjartarson mundu ekki sérstaklega eftir því, hvort svo hefði verið eða ekki. Verður að telja upplýst, að biðlaunarétturinn hafi ekki komið til umræðu með neinum hætti, þegar Lyfjaverslun Íslands hf. gerði ráðningarsamning við stefnanda.

Fallast má á, að ríkisstarfsmaður geti með beinum eða óbeinum hætti afsalað sér lögbundnum rétti til biðlauna. Stefnandi hefur hins vegar lýst því fyrir dóminum, að hún hafi ekki talið sig hafa afsalað sér biðlaunarétti sínum með neinum hætti, og þess ber og að gæta, að starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins mótmæltu fyrir sitt leyti setningu 3. gr. laga nr. 75/1994. Enda þótt ekki sé sérstök ástæða til þess að draga í efa, að aðstoðarmaður fjár-

málaráðherra hafi lýst því á framangreindum fundi 31. maí 1994, hvernig háttað væri biðlaunarétti starfsmannanna séð frá bæjardyrum fjármálaráðherra, þykir það ekki geta leitt til þess, að líta verði svo á, að starfsmennirnir hafi afsalað sér biðlaunarétti sínum með því að ráða sig til starfa hjá hlutafélaginu, og eins og fyrr segir, verður að telja upplýst, að biðlaunarétturinn hafi ekki komið til tals með neinum hætti, þegar ráðningarsamningur stefnanda var gerður. Til afsals á biðlaunarétti hefði stefnandi þurft að gefa ótvíræða yfirlýsingu þar um.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að 3. gr. laga nr. 75/1994 leiði til þess ein og sér, að biðlaunaréttur stefnanda hafi samkvæmt lagagreininni fallið niður við það, að hún réðst til starfa hjá hlutafélaginu.

Kemur þá til athugunar, hvort stefnanda hafi verið boðið starf, sem sambærilegt megi telja því starfi, sem hún gegndi áður, í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954, þannig, að biðlaunaréttur hennar sé fallinn niður af þeim sökum.

Hæstiréttur tekur fram í dómi sínum 7. nóvember 1996 í málinu nr. 90/1996, íslenska ríkið gegn Guðnýju Árnadóttur, að dómstólar hafi túlkað 14. gr. laga nr. 38/1954 svo, að „biðlaunaréttur sé fyrir hendi við niðurlagningu stöðu, þótt sá starfi, er stöðunni fylgdi, verði áfram ræktur á vegum annars aðila en ríkisins“.

Þá segir í sama dómi, að þótt laun og viðfangsefni í hinni nýju stöðu séu hin sömu og í hinni eldri, verði nýja staðan ekki talin sambærileg hinni fyrri, ef um hin sérstöku réttindi samkvæmt lögum nr. 38/1954 sé ekki að ræða í nýju stöðunni.

Á þá málsástæðu stefnda má fallast, að við mat á því, hvort staða sú, er stefnandi gegndi hjá ríkinu, og sú staða, er hún réðst til hjá Lyfjaverslun Íslands hf., séu sambærilegar í skilningi 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954, megi líta til réttinda þeirra og skyldna í heild, sem hvorri stöðunni fylgdu, og því ekki nauðsynlegt, að sömu kjaraatriði séu út af fyrir sig sambærileg. Einnig má fallast á þá málsástæðu stefnanda, að líta beri til kjara stefnanda sem ríkisstarfsmanns í heild, hvort sem þau fóru eftir lögum nr. 38/1954 eða kjarasamningi.

Við breytingu Lyfjaverslunar ríkisins í hlutafélag var ekki brugðið á það ráð að láta sömu ráðningarsamninga og ráðningarkjör, sem starfsmennirnir nutu, gilda áfram um störf þeirra hjá hlutafélaginu, sem hefðu, ef kleift hefði verið, en upplýsingar um það liggja ekki fyrir, ekki breytt réttarstöðu starfsmannanna nema að óverulegu leyti. Það kjaraatriði, sem hér er aðallega deilt um, þ. e. biðlaunarétturinn, féll ótvírætt niður við ráðningu stefnanda hjá Lyfjaverslun Íslands hf. og er ekki lengur um að ræða. Þykir það eitt sér leiða til þess, að stefnandi eigi rétt til þeirra biðlauna, sem hún

krefst í máli þessu. Þar við bætist, að kjör stefnanda hjá Lyfjaverslun Íslands hf. að öðru leyti þykja heldur lakari en verið hefðu við lengra starf hjá ríkinu.

Stefndi hefur mótmælt því sérstaklega, að dráttarvextir verði dæmdir frá þeim tíma, sem stefnandi krefst, en hún hafi sett fram kröfu um greiðslu biðlauna, löngu eftir að starfi hennar hjá ríkinu lauk.

Með bréfi, dags. 10. desember 1996, gerir stefnandi fyrst kröfu á hendur stefnda um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar í biðlaun. Þykir því rétt, eins og hér stendur á, að dæma dráttarvexti af kröfu stefnanda frá 10. janúar 1997 til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, ákveðst 140.000 kr., og er þar með talinn virðisaukaskattur.

Friðgeir Björnsson dómstjóri kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Dröfn Lúðvíksdóttur, 434.082 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. janúar 1997 til greiðsludags og 140.000 kr. í málskostnað.
